

Markmið:

Megintilgangur dönskunáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lífandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og til að beita málinu í samskiptum.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem nemendur þjálfast í lestri, ritun, töluðu máli og hlustun. Haustönn: Kennslubókin Ekko er fyrirferðamest Helstu þemu eru Skólinn, Íþróttir og hreyfing og Matur. Áhersla er lögð á að virkja nemendur í skapandi verkefnum s.s. að taka upp sinn eigin matreiðsluþátt þar sem nemendur matreiða sjálfir og tala dönsku á meðan. Nemendum tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð og bera ábyrgð á eigin námi. Unnið er ýmist einstaklingslega, í þörum eða litlum hópum. Nemendur vinna ýmis verkefni á skapandi hátt og fá tækifæri til að nýta sér snjalltæki og frelsi til að skila afurðinni á mismunandi hátt. Á vorönn er unnið meira með smásögur og léttlestrarbækur.

Námsmat:

Námsmat byggist á ýmsum verkefnum t.d. munnlegum, verklegum og skriflegum sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár. Framvinda námsins er skráð jafnt og þétt yfir skólaárið með hæfnitáknum á hæfnikort nemenda í Mentor og í lok hvorrar annar er námsmat einnig gefið í bókstöfum.

Námsgögn:

Ekko lesbók <https://mms.is/namsefni/ekko-opgavebog-a-rafbok>
Ekko vinnubók <https://mms.is/namsefni/ekko-opgavebog-a-rafbok>
Léttlestrarbækur (s.s. Koldt blod, Alarm, Scooter og Den nye lærer)
Pinligt (blandaðir textar)
Ýmsir textar af netinu
Danskar kvikmyndir